

Aðalfundur Eldingar

haldinn á Ísafirði 24. september 2017

Tillögur til 33. aðalfundar LS

Veiðigjald

1. Aðalfundur Eldingar mótmælir álagningu veiðigjalda eins og þau eru lögð á í dag. Það er ekki eðlilegt að notaðar séu tveggja ára tölur við útreikninga á gjaldinu.

Inn í útreikningana er sett í einn pott afkoma landvinnslu, frystitogara, uppsjávarskipa, ísfisktogara, báta og smábáta. Það er krafa fundarins að afkoma smábáta verði reiknuð sér. Það getur ekki talist eðlilegt, eins og staðan er í dag, með mjög lágu fiskverði, sem ætti að koma landvinnslunni vel að þá hækki veiðigjald á smábáta.

Í þessari gjaldtöku sannast alveg kristaltært að **„það á að hengja bakara fyrir smið“**.

2. Aðalfundur Eldingar krefst þess að hluti veiðigjaldanna verði eftir í þeirri höfn sem að fiskinum er landað.

Laxeldi

Aðalfundur Eldingar mælir með laxeldi í Ísafjarðardjúpi, enda verði farið eftir öllum umhverfiskröfum. Við vitum að það er ekki hagar neins og allra síst eldismanna að fiskur sleppi úr kvíunum.

Hvalveiðar

Aðalfundur Eldingar hvetur til hvalveiða við Ísland.

Makrill

Aðalfundur Eldingar samþykkir að frjálsar handfæraveiðar á makríl verði leyfðar norðan Látrabjargs, austur og að vestra Horni.

Greinargerð.

Það hefur orðið vart við mikinn makríl á þessu svæði undanfarin ár, en vegna kvótaskorts hafa heimabátar ekki haft möguleika á að reyna veiðar á þessum svæðum. Það er stuttur tími til að ná kvótanum og því geta kvótabátarnir ekki eytt miklum tíma í að leita nýrra miða. Hins vegar væri hægt að kortleggja útbreiðslu og tímasetningu makrils á grunnslóð mun betur, ef að veiðarnar yrðu gefnar frjálsar á þessu svæði.

Grásleppuveiðar

Aðalfundur Eldingar mótmælir öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.

Aðalfundur Eldingar tilnefnir Bæring Gunnarsson í grásleppunefnd.

Strandveiðar

1. Aðalfundur Eldingar mótmælir því að strandveiðiflotinn sé tekinn út fyrir sviga og sé eina sérleyfið sem þarf að greiða sérstakt gjald, 50.000 kr. Fundurinn minnir á að þetta eru minnstu leyfin og ein af rökunum fyrir strandveiðinni var að gera mönnum kleift að byrja í útgerð. Hefði því mátt ætla að þetta væri stuðningur en ekki skattur.
2. Aðalfundur Eldingar leggur áherslu á að svokölluð 4x4 útfærsla á strandveiðum, að viðbættu því að ufsi sem að ekki hefur náðst undanfarin ár, verði gefin frjáls.

Veiðar á beitusíld

Aðalfundur Eldingar samþykkir að leyfðar verði veiðar á beitusíld eða annarri beitu.

Greinargerð.

Það er gömul hefð fyrir þessum veiðum, þetta hjálpaði mönnum til að ná endum saman. Í dag gæti þetta hjálpað nýliðum að byrja að gera út.

Krókaafلامark / þorskanet / sameining

1. Aðalfundur Eldingar mótmælir harðlega öllum hugmyndum að leyft verði að veiða krókaafلامark í þorskanet, það mun leiða til enn meiri samþjöppunar í kerfinu og bitna harðast á minnstu bátunum þar sem að heimildir þeirra munu skerðast.
2. Aðalfundur Eldingar mótmælir harðlega öllum hugmyndum um að sameina krókaafلامarkskerfi við aflamarkskerfi.

Byggðakvóti

Aðalfundur Eldingar vill að allur byggðakvóti verði veiddur á króka af dagróðrabátum undir 30 tonn að stærð.

Línuívilnun

Aðalfundur Eldingar vill að staðinn sé vörður um línuívilnun.